

Gerð skjals: Fundargerð	Kvennaskólinn í Reykjavík	
Dags.: 23. maí 2023		
Tími: 15:00 Staðsetning: A-7 Aðalbyggingu		
Síða 1 af 1		

Tegund fundar Skólanefnd

Fundarstjóri	Stefán Hilmarsson
Fundarritari	Guðný Rún Sigurðardóttir
Mætt	Stefán Hilmarsson, Sigyn Blöndal, Diljá Ámundadóttir, Sandra Ocares, Sýlvía B. Gústafsdóttir, Þórdís Eyvör Valdimarsdóttir, Birna Imsland, Embla María Möller Atladóttir, Kolfinna Jóhannesdóttir og Guðný Rún Sigurðardóttir.

	Fundarefni
1.	<p>Ósk mennta- og barnamálaráðherra um að rýnt verði í kosti og galla þess að sameina Kvennaskólann í Reykjavík og Menntaskólann við Sund – staða mála</p> <p>Skólameistari upplýsti um að sökum andstöðu meðal starfsfólks og þröngs tímaramma hefði ekki verið farið í sameiginlega vinnu með MS um framkvæmd fýsileikakönnunar. Gerð var frumathugun með SVÓT greiningu meðal starfsfólks og stjórn nemendafélagsins til að fá fram sjónarmið. Meiri tíma hefði þurft til að geta formgert samráð við aðra haghafa svo sem foreldra og hollvini.</p> <p>Skólameistari fór yfir drög að greinargerð sem byggð er á niðurstöðum úr SVÓT greiningunni. Greinargerðin verður send til stýrihóps um eflingu framhaldsskóla.</p>
2.	<p>Skólastarfið á vorönn</p> <p>Brautskráning stúdenta verður 27. maí nk. í Háskólabíói.</p> <p>Farið yfir stöðu viðhaldsframkvæmda á næstu mánuðum.</p>
3.	<p>Fréttir úr félagslífi nemenda</p> <p>Kynntar niðurstöður úr kjöri til stjórnar Keðjunnar fyrir næsta skólaár. Farið yfir viðburði í félagslífi á vorönn og fyrstu verkefni nýrrar stjórnar.</p>
4.	<p>Fundargerðir kennarafundar</p> <p>Fundargerðir kennarafundar 10. febrúar og starfsmannafundar 27. apríl lagðar fram.</p>
5.	<p>Fjárveitingabréf</p> <p>Lagðar fram tölur úr rekstri fyrstu þrjú mánuði ársins 2023. Samkvæmt þeim stefnir í hallarekstur á árinu. Áfram verður unnið í því að fá hluta af fjárfestingarframlagi ársins breytt í rekstrarframlag.</p>
6.	<p>Starfsmannamál</p> <p>Auglýstar hafa verið lausar stöður í efnafræði, íslensku, eðlisfræði, stærðfræði, sögu og félagsvísindum/mannfræði.</p>
7.	<p>Önnur mál</p> <p>Ársreikningur 2022 lagður fram.</p> <p>Rætt um næstu skref í tengslum við vinnu stýrihóps um eflingu framhaldsskóla. Skólameistarar Kvennaskólans og MS hafa verið boðaðir á fund nk. fimmtudag þar sem vinna skólanna verður kynnt og greinargerðum fylgt eftir.</p> <p>Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:10.</p>